



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af 50 ára afmæli
Breiðholtsskóla
23. maí 2019**

Á hálftrar aldar afmæli Breiðholtsskóla sendi ég nemendum, kennurum og starfsliði öllu heillaóskir. Margt hefur breyst þau fimmtíu ár sem liðin eru frá því að fyrst var hringt inn í kennslustund í nýjum skóla. Landnemaandi ríkti þá í Breiðholtinu. Hverfið var spánnýtt að heita má, grunnar hér og hálfbyggð hús þar, götur án malbiks og berangur milli blokka. Hvarvetna var þó líf og fjör, krakkar á sveimi og mörg ævintýrin sem hægt var að skapa í þessum hrjúfa og spennandi heimi.

Nú er öldin önnur. Breiðholt er gróið hverfi og nær fullbyggt. Sumir þeirra, sem þá fluttu á nýjar slóðir og gengu í Breiðholtsskóla, búa hér enn. Hvert ár hafa nýir nemendur svo bæst í hópinn. Áfram iðar skólalóðin í frímínútum og áfram er leikið að námi loknu hvern dag.

Sú iðja hefur þó eitthvað breyst í tímans rás, tölvuleikir, sjónvarp og samfélagsmiðlar hafa rutt sér til rúms á kostnað útivistar. Við eldra fólkið spyrjum okkur hvort sú breyting sé til góðs. Við rifjum þá upp okkar glöðu æsku en megum spyrja okkur hvort sú upprifjun markist stundum af fortíðarþrá og þeim brellum heilastöðvanna að muna gjarnan það góða en bregða hulu gleyskunnar yfir hið leiða og vonða. Og víst er að það er svo margt sem hefur breyst til batnaðar í skólasterfi á hálfri öld. Nú er betur tekið á einelti, því ljóta böli. Nú er lögð meiri áhersla en áður á að allir fái að njóta sín innan veggja skólans. Nú ríkir meira frelsi, meiri fjölbreytni, en jákvæður agi um leið, og kjörorð skólans eru einföld, sjálfsögð og eftirbreytniverð: „Árangur fyrir alla“.

Sjálfur er ég ári eldri en skólinn ykkar og þegar ég var í barnaskóla þótti það óvenjulegt ef nemendur áttu erlenda móður eða föður. Nær allir eða velflestir tilheyrðu þjóðkirkjunni. Nú um stundir má hins vegar sjá þess glögg merki í Breiðholtsskóla hvernig íslenskt samfélag hefur gerbreyst og þróast. Einsleitnin er horfin. Á hálftrar aldar afmæli skólans sækja hann rúmlega 400 börn og unglingar. Þeir koma frá yfir 20 þjóðlöndum og þau tungumál, sem heyrast á göngum skólans og í frímínútum, eru áreiðanlega jafn mörg ef ekki fleiri.

Áfram mun Breiðholtsskóli breytast, þróast og dafna. Ég ítreka árnaðaróskir til nemenda, kennara og starfsliðs að fornu og nýju.

Gyrdni Th. Jóhannesson

Gyrdni Th. Jóhannesson